

STARFSREGLUR FYRIR AGANEFND

1. grein

Starfsvið nefndarinnar

Verksvið aganefndar er að fjalla um eftirfarandi brot:

- a) Óþrúðmannlega framkomu.
- b) Óhæfileg mótæli og mótþrói við dómara fyrir, í og eftir kappleik.
- c) Ógnun eða árásir á starfsmenn leikja eða dómara fyrir, í eða eftir kappleik.
- d) Sérlega grófan leik eða ofbeldi.
- e) Óreglusemi.
- f) Skrílslæti áhorfenda og áhangenda liða.

2. grein

Skipun nefndarinnar

Aganefnd er skipuð 3 mönnum og 1 til vara.

Árþing KKÍ kýs einn nefndarmann hvert ár til þriggja ára og gengur jafnframt úr nefndinni sá er lokið hefur þriggja ára setu og verður hann jafnframt varamaður í eitt ár. Óhlutgengir til setu í nefndinni eru starfandi dómarar, liðsstjórnar, leikmenn og þjálfarar.

Verði nefndarmaður óhlutgengur á kjörtímabilinu tekur varamaður sæti hans og kýs næsta þing aukamann vegna þess, til þess árafjölda, sem sá er úr nefndinni vék átti eftir af kjörtímabili sínu. Vanti mann í nefndina milli þinga, vegna forfalla eða slíkra óhlutgengi, skal dómstóll KKÍ skipa nýjan mann eða menn í nefndina til setu fram að næsta árþingi KKÍ.

3. grein

Aðilar sem heyra undir nefndina

Eftirtaldir aðilar falla undir reglur þessar, þegar þeir taka þátt í, eða koma fram vegna kappmóta og í tengslum við aðra atburði tengda körfuknattleiksíþróttinni:

Leikmenn, starfsmenn leikja, dómara, þjálfara, liðsstjórar, forystumenn félaga og íþróttasambanda, áhangendur félaga, þátttakendur í keppnisferðum félaga og ferða á vegum KKÍ eða héraðssambanda.

4. grein

Hverjir mega kæra

Eftirtöldum aðilum er heimilt að kæra:

Dómara og starfsmenn leikja, þátttakendur í ferðalögum á vegum félaga, KKÍ eða héraðssambanda.

Umsjónarmenn íþróttamannvirkja og íþróttahúsa.

Forystumenn félaga og fararstjórar ferðalaga á vegum félaga, Liðsstjórar vegna frámkomu dómara, starfsmanna, áhorfenda eða mótherja fyrir, í eða eftir kappleiki.

Stjórn KKÍ vegna brota skv. liðum lc, ld, le og lf.

5. grein

Form kæru og kærufrestur

Kæru skal rita á þar til gert eyðublað, sem stjórn KKÍ gefur út. Framkvæmdaaðilar móta skulu sjá um að slík eyðublöð séu fyrirbyggjandi á keppnisstað. Jafnframt liggja slík gögn frammi á skrifstofu KKÍ.

Kæri dómari eða starfsmaður leiks leikmann vegna atburðar fyrir, í, eða rétt eftir leik, skal athugasemd um kærana rituð á bakhlið afrits viðkomandi félagsaf leikskýrslu.

Kæru skal komið á framfæri á sannanlegan hátt við aganefnd eða framkvæmdastjóra, eða formann KKÍ á fyrsta vinnudegi eftir að hið kærða atvik átti sér stað. Jafnframt skal koma vitneskju um kærana til hins kærða eða félaga hans.

Kærum vegna atviks á ferðalögum skal koma á framfæri á framan- greindan hátt, fyrsta vinnudag eftir heimkomu þess er kærir. Móttaki framkvæmdastjóri eða formaður kærana, skal hann koma henni á framfæri við aganefnd innan 24 stunda. Stjórn KKÍ hefur 10 sólarhringum lengri kærufrest, en að framan eru taldir.

6. grein

Meðferð mála fyrir nefndinni

Aganefnd skal kveða upp úrskurð sinn innan 3 sólarhringa frá því að henni berst kæran. Munnlegur málflutningur skal heimill í öllum málum, þar sem refsing getur varðað leikbanni eða fjársektum.

Vilji aðilar nota sér málflutningsrétt sinn, framlengist framan- greindur úrskurðarfrestur í 4 sólarhringa.

Aðila skal kveða til með 24 klst. fyrirvara.

Séu mál flókin og málflutningur langvinnur, getur aganefnd sótt um framlengingu á úrskurðarfresti, enda varði brotið ekki leikbanni með félagsliði. Úrskurðarvald um slíkan frest er í höndum dómstóls KKÍ.

7. grein

Refsingar

Refsingar skulu vera sem hér segir:

Við brot skv. 1a og 1b.

- | | |
|---------------|-----------------------|
| 1. og 2. brot | áminning. |
| 3. brot | leikbann í einn leik. |
| 4. " | leikbann í einn leik. |
| 5. " og áfram | leikbann í tvo leiki. |

Við brot skv. 1 c.

- | | |
|---------------|---|
| 1. brot | áminning <u>eða leikbann í einn leik.</u> |
| 2. " | leikbann í einn leik. |
| 3. " og áfram | leikbann í þrjá leiki. |

Mjög alvarlegum brotum má refsa með sviptingu keppnisleyfis í lengri tíma jafnvel ævilangt.

Við brot skv. 1d.

- | | |
|---------|-------------------------|
| 1. brot | leikbann í einn leik. |
| 2. " | leikbann í 2 - 5 leiki. |

Ef um slagsmál og ofbeldi er að ræða.

- | | |
|--------------|-------------------------|
| 1. brot | leikbann í tvo leiki. |
| Viðbótarbrot | leikbann í 3 - 6 leiki. |

Mjög alvarlegum ofbeldisbrotum má refsa með sviptingu keppnisleyfis í lengri tíma, jafnvel æfilangt.

Við brot skv. 1e.

Áminning, leikbann í úrvals- eða landsleikjum, fjársektir eftir alvarlegri brot.

Við brot skv. 1f.

Áminning, svipting heimaleiks, skylda um löggæslu á leikjum, fjársektir.

Þar sem rætt er um 1. brot, 2. brot o.s.frv. ber einungis að telja þau brot sem dæmd hafa verið af aganefnd. Ítrekunaráhrif verka innbyrðis vegna brota skv. liðum b,c og d. Úrskurði aganefndar verður ekki áfrýjað.

Refsingar aganefndar er aðeins hægt að taka út í leikjum Íslands- móts, bikarkeppni Reykjavíkurmóts eða hliðstæðra móta og öðrum opinberum keppnum viðurkenndum af stjórn KKÍ.

Þegar leikmaður má leika með fleiri en einum flokki, tekur leikbannið einungis til leikja í þeim flokki sem brotið var framið í.

Heilt lið brýtur af sér ef það yfirgefur leikvöll í mótmælaskyni áður en leik er lokið, eða neitar að halda leik áfram.

Refsing við því getur orðið brottrekstur úr keppni og fjársektir, auk þess, sem körfuknattleiksreglur segja til um.

Brot framin á einu leiktímabili hafa ekki ítrekunaráhrif til þess næsta, nema þau er varða lið 1c og 1d.

Leiktímabilið telst frá 1. ágúst til 31. júlí.

Leikmaður sem virðir leikbann að vettugi, er ólöglegur með liði sínu og er leikur sjálfkrafa tapaður því liði sem teflir fram

leikmanni sem bann hvílir á.

Tefli bæði lið fram leikmönnum sem þannig eru ólöglegir skal endurtaka leikinn og þeir einir vera löglegir, sem löglegir voru til upphaflega leiksins. Auk þess skal dæma félögin í fjársektir.

8. gæin

Birting og fullnusta dóma.

Úrskurði sína skal aganefnd birta aðilum, með sannanlegum hætti, innan sólarhrings frá uppkvaðningu.

Sektir skal greiða til stjórnar KKÍ innan viku frá dómsbirtingu, að viðlagðri brottvísun viðkomandi félags úr yfirstandandi keppnum á vegum KKÍ eða banni við þátttöku í næsta móti, eða mótum.

Leikbannsrefsingar skal taka út í næstu leikjum eftir að 24 stundir eru liðnar frá birtingu dóms. Hinum dæmda skal heimilt að taka refsingu út í leik sem fer fram áður en 24 stundir eru liðnar frá dómsbirtingu.

Stjórn KKÍ hefur ábyrgð á að úrskurðum aganefndar sé framfylgt skv. reglum þessum. Hverjum þeim sem reglur þessar heimila að kæra mál til aganefndar er jafnframt heimilt að kæra skort á fullnustu dóma aganefndar til dómstóls KKÍ og skal dómstóll þá hlutast til um að úrskurðum sé framfylgt.

KÖRFUKNATTLEIKSDEILD UMF SKALLAGRÍMS
BORGARNESI

Stjórn körfuknattleiksdeildar UMF Skallagríms óskar að koma eftirfarandi tillögum og ábendingum varðandi körfuknattleiksreglugerð og lög KKÍ á framfæri við stjórn KKÍ vegna undirbúnings þings KKÍ í þessum mánuði. Óskum við eftir að sem flest af þessu verði tekið upp í tillögur til þingsins, að öðrum kosti áskiljum við okkur rétt til að bera fram á þinginu tillögur um þetta.

1. Ferðakostnaður margra félaga er ákaflega þungur, taka mátti tillit til þess kostnaðar m.a. með eftirfarandi:

- a) Í yngri flokkunum verði kjördæmariðlar, eða litlir riðlar með liðum víða að þar sem leikið yrði t.d. á tveimur helgum seinni hluta vetrar.
- b) Í bikarkeppnum fái liðin utan Reykjavíkursvæðisins alltaf heimaleik dragist þau á móti liðum af Reykjavíkursvæðinu.
- c) Felldur verði niður skattur til KKÍ af innkomu á leikjum hjá þeim félögum sem verða fyrir mestum kostnaði við ferðir (enda líklega um óverulegar upphæðir að ræða).

2. Mótanefnd haldi fund með allsherjarnefnd eftir að frestir liðanna til að gera athugasemdir við uppkast að mótaskrá, en áður en mótanefnd mótar endanlegar tillögur að mótaskrá og leggur fyrir stjórn KKÍ.

3. Keppni er markmið æfinga. Lágmarkspjálfun þarf að hafa farið fram áður en keppni hefst. Víða er erfitt að hefja æfingar af alvöru fyrr en skólar eru byrjaðir að hausti. Þar af leiðir að æskilegt er að þjappa Íslandsmóti meira saman ef hægt er, og helst að byrja ekki fyrr en í seinni hluta nóvembermánaðar.

4. Koma þarf í veg fyrir drátt á Íslandsmótinu fram í aprílmánuð. Í apríl losnar víðast hvar mikið um mannskapinn og með tilkomu launaðra þjálfara hefur hver mánuður mikinn kostnað í för með sér fyrir félögin sem í þessu lenda. Setja mátti ákvæði um að Íslandsmóti skuli lokið fyrir 1/4, svo og Íslandsmóti í minniblota. Taka þarf frá hús fyrir úrslitaleiki strax að hausti (ekki endilega í Reykjavík). Setja mátti stutta fresti fyrir dómstóla til að úrskurða kærur og áfrýjanir.

5. Koma þarf í veg fyrir að leikmenn geti verið löglegir með nýju félagi íssama móti eftir að þeir hafa lokið keppni með sínu fyrra félagi. Ákaflega afkáralegar upptakur geta komið út ef þetta verður jafn opið áfram.

6. Breyta þarf reglugerðarákvæðum um bikarkeppni, þannig að sett séu inn ákvæði um bikarkeppni yngri flokka.

7. Leita þarf leiða til að þau félag, sem hagsmuna eiga að gæta og vilja hafa áhrif á gang mála, en geta ekki sökum fjarlægðar og kostnaðar átt fulltrúa í stjórn KÍ, geti gætt hagsmuna sinna við framkvæmd milli þinga. Stjórn og nefndir KÍ eru og verða vegna ofangreindra ástæðna nær eingöngu skipuð fólki af Reykjavíkursvæðinu og reynslan sýnir að oft er erfitt fyrir þetta fólk að setja sig inn í spor þeirra, sem vinna að körfuknattleiksmálum úti á landi við gjörólíkar aðstæður.

8. Dómaragjald verði hækkað þannig að af því sé hægt að greiða ferðakostnað dómara. Með því móti væri hægt að stuðla að betri dómgæslu úti á landi. Ekki þarf þá alltaf að binda sig við sömu dómara (sem styst eiga) vegna kostnaðar og hægt sé að kalla dómara utan að landi til dómgæslu og fá þeir þar með reynstu. Það er ákaflega erfitt hlutverk sem margir dómara úti á landi hafa þegar þeir dæma örfáa leiki í meiraraflokki fyrir veturinn og í öllum leikjunum er annar aðilinn sama liðið.

9. Tryggja þarf að dómara mæti á þá leiki sem þeir hafa tekið að sér að dæma, athuga hvernig megi hafa það tryggt. Ef dómara klistu úti á landi, þar sem ekki er hægt að grípa upp hlutlausu dómara á staðnum, hefur það í för með sér að endurgreiða þarf áhorfendum (sem er dauðadómur á uppbyggingu áhorfenda) og félagið sem e.t.v. er langt að komið fær á sig mikinn fjárhagslegan skell sem ekki fæst bættur.

10. Tryggja þarf að umsjónaraðilar leikja yngri flokka sinni sínu hlutverki tímanlega og t.d. útvegi dómara og aðra starfsmenn ótengda þeim liðum sem leika eiga, þar sem það er hægt án kostnaðar við ferðalög.

11. Athuga þarf hvort KÍ getur verið samræmingaraðili við fjölmiðla varðandi úrslit og umsagnir um leiki sem blaðamann koma ekki á. Starfsmaður KÍ safnaði saman úrslitum og kom þeim í einu lagi til fjölmiðla sem örast. Reyna þarf að fá sagt frá leikjum fyrir helgar og fá þá fjölmiðla sem þegja þunnu hljóði yfir "minniháttar" úrslitum. Íbúum á þeim stöðum sem eiga aðild að þessum "minniháttar" leikjum eiga rétt á þeirri þjónustu fjölmiðlanna að sagt sé frá þessum úrslitum, það hefur mikla þýðingu í uppbyggingarstarfi á þessum stöðum. Ákaflega virðast vinnubrögð fjölmiðlanna vera handahófskennd. Úrslit yngri flokka virðast alveg hundsuð, sennilega þarf að matreiða betur í þá, allavega birta þeir vel frá yngri flokkum ýmissa annara íþróttanna.

Borgarnesi 4. apríl 1980

f.h. UMF. Skallagríms Helgi Bjarnason (sign)

ÁÆTLAÐUR REKSTRARREIKNINGUR K.K.Í.

1980 - 1981

TEKJUR:

Pátttökugj. ísl. mót	Kr.	4.400.000.-
Pátttökugj. bikarkeppni	"	800.000.-
Hlutur KKÍ af innkomu	"	2.800.000.-
Leikskrá	"	500.000.-
Auglýs. á búningum	"	400.000.-
Sjónvarpstekjur	"	4.000.000.-
Skólamót	"	500.000.-
Styrkur Í.S.Í.	"	2.700.000.-
		<hr/>
		Kr. 16.100.000.-

Ýmsar tekjur + Kr. 1.000.000.-

GJÖLD:

Laun framkvæmdastj. KKÍ og mótan.	Kr.	5.200.000.-
Sími	"	500.000.-
Húsaleiga, næsting o.p.h.	"	500.000.-
Ýmiss skrifstofukostnaður	"	1.700.000.-
Árgjald FIRA	"	400.000.-
Akstur	"	300.000.-
Ferðakostnaður	"	800.000.-
Framlag til unglíngam. v/Polar Cup	"	2.000.000.-
Framlag til landsliðsnefndar	"	1000.000.- + 3.000.000.-
Tekjuafgangur		<hr/>
		1.700.000.-
		<hr/>
		Kr. 16.100.000.-

ATH. % brevtingar milli tekju og gjalda liða.

DÁTTTÖKUGJÖLD

Úrvalsdeild	Kr. 150.000.-
1. deild k. kv.	" 100.000.-
2. deild	" 60.000.-
Aðrir flokkar	" 45.000.-

Hækki með vísitölu, vörur og þjónustu.

Bikarkeppni	Kr. 45.000.-
-------------	--------------

Sömu vísitöluákvæði.

DÓMARALAUN

Úrvalsdeild	1. deild kv. og k.	kr. 8.000.-
	2. deild k.	" 6.000.-

Skiptist: 75% til dómara
25% til dómaranefndar

Sömu vísitöluákvæði.